

Stjórnarfundur í Fálkasetri Íslands

1. fundur 4.apríl 2011 kl. 15 í Þekkingarsetri Þingeyinga.

Mættir voru : Hjörleifur Finnsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðlaugur Benedikt Aðalsteinsson, Halldór Valdimarsson, Sverrir Thorstensen og Ari Páll Pálsson.

Stjórnin skipti með sér verkum: Hjörleifur formaður kjörinn á aðalfundi, Aðalsteinn varaformaður kjörinn á aðalfundi, Sverrir gjaldkeri, Halldór ritari og Guðlaugur meðstjórnandi. Varastjórn : Ólafur Karl Nielsen, Sólveig Sigurðardóttir, Ari Páll Pálsson.

Á aðalfundi 1. mars 2011 var ákveðið að innheimta ekki árgjöld fyrir yfirstandandi ár en félagar hvattir til að láta eitthvað af hendi rakna.

Ákveðið að þeir sem ganga í félagið fyrir 1. júní verði stofnfélagar og voru stjórnarmenn hvattir til að láta áhugafólk vita af því og taka niður nöfn.

Forgangsmál að koma upp heimasíðu fyrir félagið.

Umræður urðu um það hvernig standa þarf að styrkumsóknum í ýmsa sjóði og var formönnum falið að sækja um fjárframlög í Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar og til Vina Vatnajökuls . Halldóri og Sverri falið að sækja um styrk til Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN). Fleiri sjóði bar á góma og verður leitað sem víðast eftir fjármagni.

Formönnum falið að ganga frá samningum við Vatnajökulspjóðgarð um aðstöðu o.fl..

Fleira rætt sem flest tengdist vinnu við fjáröflun fyrir félagið.

Næsti stjórnarfundur verði haldinn mánudaginn 16. maí kl. 17 í Þekkingarsetrinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.

Halldór Valdimarsson ritari